

268. fundur

Stjórnarfundur SORPU bs á skrifstofu byggðasamlagsins, mánudaginn 14. desember 2009 kl. 13.30

Mættir eru:

Herdís Sigurjónsdóttir, Guðfinna Guðmundsdóttir, Þór Sigurgeirsson, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, Ómar Stefánsson, Guðmundur G. Gunnarsson, Páll Hilmarsson . Framkvæmdastjóri Björn H. Halldórsson, yfirverkfræðingur Bjarni P. Hjarðar og skrifstofustjóri Sigríður B. Einarsdóttir.

Tekið fyrir:

1. Breytt skipurit og gæðaverkefni.

Framkvæmdastjóri leggur fram tillögu að breyttu skipuriti. Stjórn samþykkir tillöguna að breyttu skipuriti samhljóða.

Framkvæmdastjóri leggur fram gæðastefnu SORPU bs til kynningar.

2. Bréf frá stjórn Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja sf.

Lagt fram bréf frá Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf varðandi ósk um sameiningarviðræður sorpsamlaganna tveggja. Bréfið er dagsett 9. desember 2009. Stjórn felur formanni stjórnar, Vilhjálmi Þ. Vilhjálmssyni fulltrúa Reykjavíkur og framkvæmdastjóra að funda með aðilum.

3. Flokkun, söfnun og vinnsla heimilísúrgangs á höfuðborgarsvæðinu.

Framkvæmdastjóri kynnir drög að greinargerð um „Áætlun um framtíðarfyrirkomulag við söfnun úrgangs frá heimilum“ Málið rætt. Framkvæmdastjóri, formaður og stjórnarmenn SORPU kynni hugmyndir byggðasamlagsins í aðildarfélögum SORPU í þeim nefndum er efnið varðar.

4. Móttaka og gjaldtaka á garðaúrgangi á endurvinnslustöðvum-fyrirkomulag.

Stjórn samþykkir eftirfarandi fyrirkomulag:

Viðskiptavinum sem koma með jarðveg eða garðaúrgang á endurvinnslustöðvar eftir 1. janúar 2010 ber að greiða móttökugjald 3.140 kr.m.vsk. per rúmmeter. Þeir sem koma með gras eða greinar klipptar eða heilar fá afhentan miða eða spjald þegar greiðslan hefur verið innt af hendi, þar sem fram kemur að hann eigi kost á að fá afhentan ½ rúmmeter moltu/moltublöndu að verðmæti 2.270 kr m.vsk. á móti hverjum 1 rúmmeter af ofangreindum garðaúrgangi meðan birgðir endast. Moltan fæst afhent á endurvinnslustöðvum SORPU bs í júnímánuði ár hvert.

Ómar Stefánsson fer af fundi.

5. Önnur mál.

- a) Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir samanburð rekstrar og áætlun janúar-september 2009. Samanburður við 2007 og 2008.
- b) Kynnt vísitöluhækkun gjaldskrár frá 01.01.2010. Vísitöluhækkun gjaldskrár frá 01.07.2009 er 4.83%
- c) Framkvæmdastjóri kynnir andsvar lögfræðings SORPU bs við kvörtun Íslenska gámafélagsins ehf samkvæmt bréfi dagsettu 21. október 2009.
- d) Lögð fram tillaga að fundardagskrá stjórnar fram til 22.06.2010.
- e) Stjórn afhent „Sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2009-2020“ með bókunum. Dagsett 06.11.2009.
- f) Kynntir styrkþegar SORPU/Góða hirðisins.
Styrkjum samtals 10 milljónir verður úthlutað 18. desember 2009.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 15.45

Fundarritari Sigríður B. Einarsdóttir.

Herdís Sigurjónsdóttir
Páll Hilmarsson
Guðfinna Guðmundsdóttir
Þór Sigurgeirsson
Bjarni Hjarðar

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson
Guðmundur G. Gunnarsson
Ómar Stefánsson
Björn H. Halldórsson